

Reglugjörð

9

14. febr.

um sjerstakan tímareikning.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 8, 16. febr. 1917, um heimild handa ráðuneyti Íslands til ákvörðunar sjerstaks tímareiknings, eru hjermeð sett eftirfarandi ákvæði um sjerstakan tímareikning.

Fyrir tímabilið frá 20. febrúar til 15. nóvember 1918 skal hafa sjerstakan tímareikning, þannig að klukkan verði færð fram um 1 klukkustund frá svonefndum íslenskum meðaltíma.

Þetta kemur til framkvæmda þannig, að miðvikudagurinn 20. febrúar byrjar 19. febrúar kl. 11 að kveldi eftir íslenskum meðaltíma, og föstudagurinn 15. nóvember endar einni klukkustund eftir miðnætti samkvæmt tímareikningi þeim, sem ákveðinn er með þessari reglugjörð.

Dóms- og kirkjumáladeild stjórnarráðsins, 14. febrúar 1918.

Jón Magnússon.

G. Sveinbjörnsson.

10 Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir »Sjúkrasjóð Blönduós-
22. febr. læknishjaraðs«, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra Íslands 22. febrúar 1918.

Skipulagsskráin er þannig:

Skipulagsskrá

fyrir »Sjúkrasjóð Blönduóslæknishjaraðs«.

1. gr.

Sjóðurinn heitir »Sjúkrasjóður Blönduóslæknishjaraðs«, og er stofnaður af ungmennafjelaginu »Dagsbrún« á Blönduósi þann 25. febrúar 1916 með krónum 200,00 — tvö hundruð krónum.